


Guttormur Jónsson við tvö verka sinna. Morgunblaðið/Jón Gunnlaugsson

Tré, steinn og trefjasteypa

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það er jafnan ánægjulegt er einstaklingar úr þéttbýliskjörnum landsbyggðarinnar kveða sér hljóðs á vettvangi listrænna athafna í höfuðborginni. Að sjálfsögðu með þeim fyrirvara að þeim liggi eitthvað marktækt á hjarta.

Það má þannig með nokkurri vissu fullyrða að **Guttormur** Jónsson, er um þessar mundir sýnir í eystri gangi Kjarvalsstaða, hafi í sér þann listræna neista, er gerir sýningu hans fullgilda á þessum stað.

Guttormur kemur frá Akranesi þar sem hann hefur verið búsettur síðastliðin átta ár en annars er hann alinn upp í Laugardalnum í Reykjavík, sonur þeirra velþekktu hjóna Jóns heitins Björnssonar málarameistara og hinnar sænskættuðu konu hans, Grétu Björnsson listmálara.

Guttormur hefur frá unga aldri verið mjög hagur í ýmis efni hins áþreifanlega rúmtaks og þá einkum tré. Hann er menntaður sem húsgagnasmiður og mun vera þekktur fyrir hagleik í því fagi. Öll sýningin að Kjarvalsstöðum ber og völundinum vitni enda leikur efnið í höndum gerandans svo að hvergi er missmíð eða misfellu að sjá í útfærslu verkanna.

Það sem á skortir þó að mínu mati er sjálf baráttan við efniviðinn og hið fjölbreytta form, hér er allt svo fellt, slétt og ágætt en persónueinkenni gerandans eitthvað svo víðs fjarri. Við sjáum að hann hefur farið í smiðju íslenzkra sem erlendra meistara í skúlptúrfaginu, sem er í sjálfu sér í senn lofsvert og rétt. En hér er sá fyrirvari að viðkomandi verður að brjóta þessi áhrif undir eigin skaphöfn og það er þrautinni þyngra.

Ég hef í öðru tilefni sagt frá því hvað hinn heimskunni myndhöggvari Auguste Rodin sagði eitt sinn og vil endurtaka það hér.


„Hið sanna eðli listarinnar felst í því að stela frá sem flestum ágætum listamönnum og yfirfara í list sína og það hef ég einnig óspart gert, en hér skiptir öllu máli að hafa tilfinningu fyrir því hvar eigi að stela."

Hér er á umbúðalausan hátt sagt frá því hve það er mikilvægt að verða fyrir áhrifum frá öðrum, en að menn verði einnig að kunna að hagnýta sér þessi áhrif á réttan hátt. Þannig verður öll mikil list til.

Það er lofsvert hve víða Guttormur kemur við hvað sjálfan efniviðinn snertir, en myndirnar eru útfærðar í birki, grenirót, reyni, eik, furu ásamt granít, grágrýti og tefjasteinsteypu.

Eitt myndverk er mér öðrum minnisstæðara á sýningunni og nefnist það „Brotist út" (25). Mér þykir sem frá henni stafi magnaður galdur og seiður — líkast kolbít er rís úr öskustó. Vonandi er þessi mynd fyrirheit um meiri umbrot í smiðju gerandans og að hann mæti magnaðri til leiks í næsta skipti.

Sem frumraun er það fágunin og hagleikurinn sem er styrkur Guttorms Jónssonar.



Myndverk Valgerðar Hafstað

Listakonan **Valgerður Hafstað** hefur verið búsett erlendis í nær þrjá áratugi, lengst af í París en síðustu tíu árin í New York. Hún hefur unnið að list sinni á þessum stöðum en einnig hefur brauðstritið heimtað sinn toll af tíma hennar svo sem 90% allra myndlistarmanna er á þessum stöðum starfa.

Á þessu tímabili hefur hún heimsótt gamla landið eins oft og efni og aðstæður hafa leyft og hefur hún þá iðulega komið með sýningu í malnum og þannig er þetta sjötta sýning hennar hér heima.

Það verða engar stökkbreytingar í list Valgerðar Hafstað enda yrðist styrkur hennar fólast í nostursamlegum vinnubrögðum og þrauthugsuðu myndefni. Frá hennar hendi eru slíkar myndir lífrænastar og um leið langsamlega ferskastar. Myndir stórra flata og umbúðalausari vinnubragða virka öllu daufari og í þeim minni lifun inn í myndefnið.

Þótt myndirnar á sýningunni virki yfirleitt huglægar í allri útfærslu virðist listakonan þó styðjast við eitthvað nálægt sér úr náttúrunni og hlutveruleikanum. Myndirnar geta leitt hugann að landslagi, innimyndum, skógarmyndum, sól- og birtuflæði inni, sem úti í náttúrunni, sjálfri himinhvelfingunni og margvíslegum formmyndunum hennar svo og hofi og hörg.

Skilin á milli þess hlutlæga og huglæga í myndlistinni eru oft næsta óljós, því að huglæg skynhrifin geta verið svo sterk, að áhorfandinn skynji eitthvað öflugt og handfast á bak við vinnubrögð myndlistarmanna. Á sama hátt getur hið hlutlæga skort alla burðargrind, jafnt myndræna sem skynræna.

Það eru sex tugir mynda á sýningu Valgerðar og eru þær unnar í akríl, vatnsliti, olíu og blandaðri tækni. Efnismeðferðin er því margbreytileg og vinnubrögðin einnig.

Því sem ég hef sagt hér að framan til áréttingar vil ég nefna nokkrar myndir er orkuðu sterkar á mig en aðrar fyrir fínleg, hnitmiðuð og markviss vinnubrögð: „Bergmál" (3), „Ónefnd" (16), „Þeir fá byr sem bíða" (22), „Lagstúfur" (48), „Fyrirheit" (51), „Kurl" (56) og „Lög" (58.

Í þessum myndum þyki ég kenna bestu eiginleika Valgerðar Hafstað á vettvangi málaralistarinnar.

Þjónn á þeytingi

Leiklist

Jóhanna Kristjónsdóttir

Leikfélag Menntaskólans í Hamrahlíð.
Tveggja þjónn eftir Carlo Goldini.
Búningahönnun og saumur: Katrín Sig., Áslaug, Bryndís, Guðrún H., Hrefna, Steinunn og Þórný.
Leikmynd: Kata og Steinþór.
Lýsing: Sigvarður Ari og Oddi Ó.
Leikstjóri: Hlín Agnarsdóttir.
Þýðing: Bjarni Guðmundsson og Sveinbjörn Jónsson.

Því miður hefur það nokkuð dregizt að sækja sýningu Menntaskólans úr Hamrahlíð á Tveggja þjóni. Eftir viðtökum á sýningu á fimmtudagskvöld, svo og aðsókn, er þó trúlegt að nokkrar sýningar verði til viðbótar.

Ég geri ráð fyrir að menntaskólanemum þyki orðið leiðigjarnt að heyra gagnrýnendur tala um leikgleði sem aðal menntaskólasýninga. En leikgleði er nauðsynleg í Tveggja þjóni, hvort sem verkið flytja atvinnuleikarar ellegar áhugamenn. Því að hér er líf í tuskunum, flækjurnar eru fáránlegar og er mikill hraði nauðsynlegur. Ekki hvað sízt skiptir máli að vel veljist í hlutverk Arlechino og það hefur tekizt hér. Ólafur Guðmundsson fór á kostum í hlutverkinu og fataðist nánast sjaldan í tilþrifum sínum, framsögn hans furðanlega skóluð og margbreytileg.

Vilhjálmur Hjálmarsson var í spaugilegu gervi sem Il Dottore og sama má segja um Gunnar Pálsson í Pantalone. Handahreyfingar voru



Úr sýningu MH á Tveggja þjóni eftir Goldoni.

ríkur þáttur í túlkun þeirra, þar tókst báðum nokkuð vel, strengjabrúðuhreyfingarnar lánuðust ágætlega og Vilhjálmur hafði almennt skemmtilega snurðulausar hreyfingar.

Elskendurnir Beatrice og Silvio í höndum Guðrúnar Jóhannsdóttur og Erlends Helgasonar voru sæt og ástfangin og Guðrúnu tókst mætavel upp með svipbrigðin, þótt framsögnin væri viðvaningsleg. Aðalsteinn Leifsson var gervilegur Florindo, þar sannast enn og einu sinni þó að vegir ástarinnar eru furðulegir, heldur fannst mér hann gikkslegur og derringslegur og undarlegt að Beatrice, snöfurmannlega leikin af Önnu K. Ólafsóttur og ástæða er einnig til að nefna Margréti Jónsdóttur sem var sposk, væn og létt Columbina.

Leikstjórn Hlínar Agnarsdóttur hefur tekizt vel eins og áður var sagt. Í leikskrá kemur fram, að hún virðist hafa staðið fyrir leiklistarnámskeiði í skólanum og getur það í bland verið skýringin á því hversu vel tókst til með sem allra mest í þessari sýningu. Og auk þess er leikritið í sjálfu sér fyndið. Ekki svo lítill kostur það.



Úr Ólympíuhlauparanum

Grænmetissali gerist íþróttagarpur

Leiklist

Jóhanna Kristjónsdóttir

Leikfélag Hveragerðis sýnir í Hótel Ljósbrá:
Ólympíuhlauparinneftir Derek Benfield.
Þýðing: María Thorsteinsson.
Leikstjóri og leikmynd: Ragnhildur Steingrímsdóttir.
Búningar: Sigrún Bjarnadóttir og Þórunn Friðriksdóttir.
Ljós: Sævar Sigurðsson.

Ólympíuleikarnir eru enn að hefjast í bænum og á litlu hóteli er meðal annars beðið komu stórfrægs hlaupara sem búist er við að sigri með glæsibrag í fimm þúsund metra hlaupinu. Hótelhaldarinn er á hausnum í peningamálum, en veðmál kynnu að bjarga því. Inn á gistihúsið fara síðan að slæðast ýmsir kynlegir gestir í hinum ýmsustu erindagjörðum, þar á meðal er Humphrey Pomore Podmore sem er að flýja eiginkonu sína, en sú er reyndar ekki langt undan. Podmore er ekki beinlínis íþróttamannslega vaxinn, en fyrir misskilning er talið að hér sé garpurinn kominn og þegar inn í bætast nú alvörusvikamál og ástir, þá er komið hér dáyndis gott efni í gamanleik.

Að vísu fer leikritið afar hægt af stað, í fyrsta þætti þarf auðvitað að undirbúa áhorfendur, en þar hefði leikstjóri átt að reyna að hjálpa nokkuð langdregnum texta með því að auka á tempóið. Annars finnst mér leikstjórn Ragnhildar Steingrímsdóttur skemmtileg og vel gerð. Staðsetningar og hreyfingar nostursleg unnar og margar snjallar hugmyndir skila sér prýðilega. Ragnhildi ber án efa töluvert af heiðrinum af því, hversu framsögn flestra leikara er skýr og þjál. Hins vegar eru þéringarnar vandræðalegar og leikarar þúuðu og þéruðu fullmikið á víxl.

Steindór Gestsson í hlutverki Podmore stóð sig með stakri prýði, gerði persónuna í senn fyndna og forkostulega án þess að um ofleik væri að ræða. Nicolette Margrétar Ásgeirsdóttur var lipur og létt, áreynslulaus og hæfilega jákvæð gagnvart Basil Trent, sem var í höndum Gísla Garðarssonar. Gísli var ögn vandræðalegur í hreyfingum og framsögnin nokkuð stirð til að byrja með, en sótti í sig veðrið. Ingibergur Sigurjónsson bjó til býsna skondna persónu úr hótelhaldaranum og Inga Wium var ágætur þjálfari. Aðrir leikarar stóðu sig oftar ágætlega en hitt. Ágætis afþreying og vel unnin sýning.